

Forsætisnefnd

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að draga úr kostnaði við veitingar á fundum - umsögn

Á fundi forsætisnefndar 28. janúar 2022 var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að skoðaðar verði leiðir til að draga úr kostnaði við veitinga á fundum borgarstjórnar. Þeir fundir sem hér um ræðir eru oft langir og geta staðið í allt að 10 tíma. Veitingar á fundum borgarstjórnar hafa ýmist verið pantaðar frá Múlakaffi sem rak mótuneyti borgarinnar þangað til í desember sl. eða frá utanaðkomandi aðilum samkvæmt mati á lengd funda hverju sinni. Í borgarstjórn þegar fundir eru í allt að 10 tíma er mikilvægt að hafa staðgóðan kvöldverð en til að draga úr kostnaði mætti taka nákvæmari skráningu á fjölda þeirra sem borða kvöldmat, borgarfulltrúar/starfsmenn. Þá verður minna um afganga og minna um matarsóun.

Tillögunni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjórnar.

Ákvarðanir um veitingar á fundum eru hluti af hefðbundnum undirbúningi ráðsfunda og eru að jafnaði í höndum formanns viðkomandi ráðs ásamt starfsmönnum ráðsins. Í 50 gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar kemur fram að það er hlutverk forsætisnefndar að skipuleggja starf borgarstjórnar. Ákvarðanir um veitingar á borgarstjórnarfundum er að jafnaði í höndum starfsfólks fundarins sem sér um að áætla magn, kaupa inn og panta í samráði við forseta borgarstjórnar.

Í tillögunni sem hér er fjallað um er lagt til að „skoðaðar verði leiðir til að draga úr kostnaði við veitingar á fundum borgarstjórnar“. Ekki kemur fram í tillögunni hvaða ástæður eða úttektir liggja að baki því að talið er nauðsynlegt að draga úr kostnaði né heldur hvaða leiðir ætti helst að skoða til þess eða hver ætti að framkvæma þá skoðun. Í umsögn þessari verður því einungis fjallað um núverandi fyrirkomulag veitinga á fundum borgarstjórnar og þær aðgerðir sem gripið hefur verið til í hagræðingarskyni.

Fundir borgarstjórnar hefjast að jafnaði kl. 14.00 og á þessu kjörtímabili hafa þeir að meðaltali staðið í u.þ.b. 10. klukkustundir hver. Í upphafi fundar er borgarstjórn að jafnaði boðið upp á létt snarl s.s. kex, ávexti og sælgæti ásamt kaffi og sódavatni. Í tengslum við hagræðingaraðgerðir á síðasta kjörtímabili var tekin ákvörðun um að hætta að panta slík aðföng frá eldhúsi Ráðhússins, þess í stað sér starfsfólk fundarins um innkaupin. Borgarstjórn gerir oftast matarhlé kl. 18.00 nema tímaáætlun fundarins geri ráð fyrir því að honum verði lokið fyrir kl. 19.00. Í matarhléi er borgarstjórn og starfsmönnum fundarins boðið upp á kvöldverð, sem er ýmist pantaður frá mótuneyti Ráðhússins eða frá utanaðkomandi aðilum bæði til að auka fjölbreytni og halda niðri verði.



Skrifstofa borgarstjórnar heldur og hefur alltaf haldið nákvæma skráningu á þeim fjölda starfsmanna og borgarfulltrúa sem borða kvöldmat, hvort sem um er að ræða staðfund eða fjarfund. Ekki er fallist á að um sé að ræða hvorki afganga né matarsóun á fundum borgarstjórnar auk þess sem dregið hefur verulega úr öllum veitingakostnaði á fundum borgarstjórnar síðustu ár, að hluta til vegna samkomutakmarkana en einnig vegna þeirra breytinga á innkaupum sem skrifstofa borgarstjórnar hefur staðið fyrir í samvinnu við forseta hverju sinni.

Með vísan til ofangreinds er mælt með að forsætisnefnd vísi tillögunni frá.

Virðingarfyllt,
Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar